

Tilmæli 20/2022  
Tillaga A 1903/UVN  
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

## Nefndarálit um pólitíkt samráð um tilmælum 20/2022

Norræna velferðarnefndin leggur til að,

að Norðurlandaráð, að loknu pólitísku samráði um fyllingaraðgerðir í fegurðarskyni og aðrar fegrunarskurðaðgerðir, álíti tilmæli 20/2022 *afgreidd* að hálfu ráðsins.

### Bakgrunnur

Fulltrúar norrænu velferðarnefndarinnar tóku þátt í pólitísku samráði við formennsku MR-S um fyllingaraðgerðir í fegurðarskyni og aðrar fegrunarskurðaðgerðir hinn 11. desember 2024 í félagsmálaráðuneytinu í Stokkhólmi. Fundinn sátu heilbrigðisráðherra Svíþjóðar, Acko Ankarberg Johansson, formaður nefndarinnar, Eva Lindh, og nefndarfulltrúinn Annette Holmberg-Jansson.

Bakgrunnur þessa pólitíska samráðs voru tilmæli 20/2022 um fyllingaraðgerðir í fegurðarskyni og aðrar fegrunarskurðaðgerðir, sem hljóða svo:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að kanna og samræma reglur og löggjöf varðandi fyllingaraðgerðir í fegrunarskyni og aðrar fegrunarskurðaðgerðir þannig að eingöngu fagmenntuðu fólki innan heilbrigðisþjónustunnar leyfist að framkvæma fyllingaraðgerðir í fegurðarskyni, einstaklingnum til aukinnar verndar.

Við umfjöllun nefndarinnar í júní 2023 um svör norrænu ríkisstjórnanna óskaði hún eftir ítarlegri upplýsingum um hvort gloppur væru í löggjöf á þessu sviði, þ.m.t. hvernig löggjöfinni væri fylgt eftir í norrænu löndunum og hvaða aðferðum væri beitt til að hafa eftirlit. Auk þess óskaði nefndin eftir frekari upplýsingum um hvernig norrænu löndin geti aukið samstarf sitt á þessu sviði.

### Pólitíkt samráð

Ráðherra hóf umræðurnar á að þakka fyrir tilmæli nefndarinnar og ósk um pólitíkt samráð um svör norrænu ríkisstjórnanna.



Ráðherrann upplýsti að lög og reglur Norðurlandanna væri mismunandi á þessu sviði. Nokkur munur væri á því hve langt reglurnar gengu og einnig væri munur á landanna.

Mismunandi er hvernig þekkt eða óvænt vandamál og aukaverkanir meðferða og aðgerða eru skráðar í löndunum og fer það meðal annars eftir því hvort um þjónustu einkaaðila eða hins opinbera er að ræða.

Reglur um markaðssetningu eru einnig mismunandi milli landa. Auk þess geta februnarskurðaáðgerðir verið keyptar á Norðurlöndum en framkvæmdar í öðru landi, til dæmis Taillandi eða Tyrklandi, þar sem eftirlit fellur utan verksviðs norrænu landanna. Einnig geta snyrtivörur sem notaðar eru við meðhöndlun á Norðurlöndum verið keyptar frá öðrum löndum á netinu og þá eiga norrænir borgarar hættu á að vera meðhöndlaðir með vörum sem ekki eru samþykktar á Norðurlöndum. Ráðherrann vakti í þessu samhengi athygli á óvandaðri starfsemi þar sem einstaklingar framkvæma februnarskurðaáðgerðir utan gildandi laga um gæðastaðla og að á þessum markaði sé svört starfsemi.

Í Svíþjóð eru viðurlög við brotum gegn lögum februnaraáðgerðir og februnarskurðaáðgerðir um af ásetningi eða vanræslu sekt eða fangelsisvist. Í tengslum við nefndi ráðherrann að enn hefðu ekki verið settar reglur um leysigeislaáðgerðir í Svíþjóð. Ráðherrann nefndi einnig langtímaafleiðingar februnarskurðaáðgerða í þessu samhengi, þar sem afleiðingar mistaka gætu til dæmis komið fram mörgum árum síðar.

Ráðherrann taldi að norrænu ríkisstjórnirnar myndu hafa mikinn vilja til að vinna frekar að þessu máli á Norðurlöndum og að vinnunni myndu að öllum líkindum fylgja umræður um hvað opinber heilbrigðisþjónusta á Norðurlöndum getur og á að bjóða upp á samanborið við hvað einstaklingar eiga að geta keypt á eigin vegum.

Ráðherrann lagði áherslu á að ekki væru óskir um að einfalda eða samræma lögin þvert á Norðurlönd heldur að löndin læri hvert af öðru og njóti góðs af fenginni reynslu. Ráðherrann rökstuddi þetta m.a. út frá því að viðhorf til februnarskurðaáðgerða og vandamála tengdum þeim væru mismunandi milli landa.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Fulltrúar nefndarinnar kynntu bakgrunnsupplýsingar og umræður nefndarinnar um tilmælin og færðu rök fyrir því hvers vegna ætti að viðalda tilmælunum um að endurskoða og samræma lög og reglur varðandi fyllingaraáðgerðir og aðrar februnarskurðaáðgerðir á Norðurlöndum.



Fulltrúar nefndarinnar bentu á að samnorrænt yfirlit yfir gögn á þessu sviði, til dæmis með því að stækka NOMESCO, gæti nýst til að einfalda skráningu og þar með auka gæði meðferða og öryggi sjúklinga.

Bent var á að öll norrænu löndin vilji auka öryggi sjúklinga og að það væri einmitt meginviðfangsefni og -hlutverk eftirlitsaðila. Fulltrúar nefndarinnar nefndu í þessu samhengi að samræming norrænna aðgerða vegna skorts á eftirliti með fegrunaraðgerðum væri tilvalin leið til að auka öryggi sjúklinga.

Fulltrúarnir lögðu áherslu á að norræn gagnayfirsýn og tölfræði á þessu sviði væru mikilvægur hluti af lausninni þar sem með því væri hægt að fylgjast með þróuninni og greina áskoranir í norrænu löndunum. Auk þess lögðu fulltrúarnir mikla áherslu á að Norðurlönd eigi að vera í fararbroddi við gagnaöflun á þessu sviði en ekki bíða eftir því að ESB taki forystu.

Nefndin tekur upplýsingarnar úr pólitíska samráðinu til greina og telur með að loknu samráðinu að tilmæli 20/2022 um fyllingaraðgerðir í fegurðarskyni og aðrar fegrunarskurðaðgerðir séu *afgreidd* af hálfu ráðsins.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

*Anna-Kristiina Mikkonen (sd)*  
*Annette Holmberg-Jansson (MSÅ)*  
*Eva Biaudet (sv)*  
*Eva Lindh (S)*  
*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*  
*Johan Hultberg (M)*

*Kjerstin Wøyer Funderud (Sp)*  
*Maaret Castrén (saml)*  
*Tobias Drevland Lund (Rødt)*  
*Tone Wilhelmsen Trøen (H)*  
*Truls Vasvik (A), Norge*